

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 11.08.2021, kl. 17:15

Mætt: Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Erling Ásgeirsson (EÁ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG),

Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁÍÞ) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir: Brynja Baldursdóttir (BB), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri.

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Samþykkt fundargerða

Lagðar voru fram til samþykktar eftirfarandi fundargerðir:

- Aðalstjórnarfundur haldinn 23. júní sl.

Niðurstaða: Var fundargerð aðalstjórnarfundar 23. júní samþykkt með smávægilegum breytingum frá SG.

2. Samantekt á málefnum líðandi stundar

ÁÍP fór yfir helstu málefni sem starfsmenn félagsins eru að vinna að þessa dagana en þar má einna helst nefna:

- stundatöflugerð og samþættingu á henni milli deilda félagsins til að lágmarka árekstra í íþróttastarfi yngri iðkenda;
- Afreksakademíu FG og samstarfsverkefni með Garðaskóla;
- innleiðingu á nýju greiðsluferfi Sportabler og uppsetningu æfingagjalda;
- röðun hópa niður í íþróttamannvirki í samráði við íþróttafulltrúa Garðabæjar;
- ráðningar þjálfara og starfsmanna;
- búningamál yngri flokka vetrardeilda félagsins.

3. Aðstöðumál

1. Fimleikadeild

ÁÍP fór yfir myndir og samtöl sem hún og SG hafa átt við forsvarsmenn Garðabæjar um slys sem hafa orðið í fimleikasal Stjörnunnar. Tækjabúnaður í salnum er orðinn talsvert úr sér genginn og þarfnast endurnýjunar. Í dag hefur salurinn dregist aftur úr í gæðum þegar hann er borinn saman við aðra fimleikasali á landinu og ljóst að ef Stjarnan vill vera áfram í fremstu röð þarf að auka fjármagn í tækjakaup til komandi ára.

2. Aðrar deildir

Körfuknattleiksdeild hefur óskað eftir að nýtt parketgólf sé sett í bláa salinn í Ásgarði en í dag er gólfdukurinn sem er í salnum og undirlag hans ekki í samræmi við kröfur og þarfir fyrir keppnisleiki. Er það einnig mat stjórnarmanna deildarinnar og þjálfara að gólfið hafi í einhverjum tilfellum valdið meiðslum á leikmönnum.

Ef nýtt parket með réttum undirstöðum væri lagt í salinn væri hægt að stórauka nýtingu hans til leikjahalds fyrir deildina sem myndi einnig skila sér í hagræðingu þar sem ekki þyrfti að fella niður jafn margar æfingar vegna leikja og raun ber vitni þegar leikjahald þarf allt að fara fram í stóra sal Ásgarðs þar sem þrír flokkar æfa alla jafnan á sama tíma.

Handknattleiksdeild hefur óskað eftir að nýtt gólf verði lagt í TM höllina en í vetur fór leikmaður mfl kk í gegnum gólfið (braut) þegar hann lenti eftir uppstökk.. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að búnaður sé í því ásigkomulagi að hann geti valdið slysi á iðkendum og leikmönnum.

Allar deildir félagsins eru í bráðri þörf fyrir bætta styrktar-, teygju- og lyftingaaðstöðu fyrir afreksstarf sem og yngri flokka. Með tilkomu nýrrar lyftingaaðstöðu í Vetrarmýrinni mun aðstöðuleysi afreksflokka félagsins að öllum líkindum leysast en eftir stendur brýn þörf á bættri aðstöðu fyrir yngri flokka þar sem aukin áhersla á þessa þætti hefur orðið í þróun þjálfunar flestra íþróttagreina.

Niðurstaða: ÁÍP er falið að gera þarfa- og kostnaðargreiningu á nauðsynlegum úrbótum áður en rætt verður frekar við Garðabæ um málið.

4. Búningamál - Sportland

ÁÍP fór yfir samskipti við Sportland sem hafa gengið betur í sumar frá því nýir eigendur komu að rekstrinum. HJ benti á að samningi Sportlands við Stjórnuna hefur verið sagt upp og miðast uppsögnin við næstu áramót, er því mikilvægt að gerð verði ný þarfagreining fyrir deildir félagsins og í framhaldi af því skoðað hvaða valmöguleikar eru í boði. Mikilvægt er að eiga gott samtal við stjórnir deilda um málefnið.

Niðurstaða: ÁÍP er falið að stýra þarfagreiningu í samvinnu við starfsmenn og stjórnir deilda sem hægt sé að leggja fyrir birgja sem hefðu áhuga á samstarfi við félagið.

5. Vetrarmýrin

Nú þegar styttist í að fyrsti áfangi nýs íþróttamannvirkis í Vetrarmýrinni verði tilbúinn til notkunar er mikilvægt að fara að huga að næstu skrefum. Stór hluti af húsnæðinu er ennþá óskilgreindur og mikilvægt að Stjarnan þarfagreini og móti sér afstöðu um hverskonar starfsemi félagið myndi vilja sjá í húsinu samhliða þeirri starfsemi sem mun nýta sér aðstöðuna nú í fyrsta áfanga. Mikilvægt er að koma þessum óskum skýrt á framfæri við forsvarsmenn Garðabæjar, sérstaklega með tilliti til þeirrar framtíðarsýnar að Vetrarmýrin verði nýtt "hjarta" félagsins.

Niðurstaða: Aðalstjórn fól ÁÍP að setja saman starfshóp sem mun vinna að þarfagreiningu og skýrslu sem lögð verði fyrir forsvarsmenn Garðabæjar. Mikilvægt er að samtal starfshópsins sé gott við forsvarsmenn deilda félagsins.

6. Önnur mál

Stefnumótun

Rætt var um upplegg og skipulag þeirrar stefnumótunarvinnu sem framundan er hjá félaginu. Voru allir fundarmenn sammála um að mikilvægt væri að áherslan verði á uppeldisstefnu félagsins sem kæmi inn á frekara skipulag á afreksstarfi, lýðheilsustarfi og viðskilnaðarstefnu. Einnig væri mikilvægt að fara í frekari skoðun á því hvernig félagið geti vaxið í almenningsíþróttum með tilkomu Vetrarmýrarinnar og betri nýtingar á öðrum íþróttamannvirkjum í bænum.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:12 – ritað Álp